



Spáum 3,2% verðbólgu í apríl

Hagstofan birtir aprílmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 29. apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgu úr 2,9% í 3,2%.

VNV hækkaði um 0,52% milli mánaða í mars. Þetta var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,5% til +0,7%. Við höfðum spáð +0,5%.

Helstu undirlíðir:

- Við gerum ráð fyrir 20% hækkun á **flugfargjöldum til útlanda**. Þróun flugfargjalda til útlanda í mars og apríl fer að mjög miklu leyti eftir því í hvorum mánuði páskarnir lenda. Páskarnir eru mikill ferðatími og eftirspurn og verð eftir flugi því hærra. Árin 2015, 2016 og 2018 féllu páskar í lok mars/byrjun apríl og var óveruleg breyting á þessum lið milli sömu mánaða. 2017 voru páskar vikuna eftir verðkönnunarvikuna og hækkuðu flugfargjöld til útlanda þá um tæp 15%. Í ár eru páskar tveimur vikum á eftir verðkönnunarvikunni Hagstofunnar sem skýrir þessa hækkun.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 2,3% milli mánaða.
- Við búumst við smávægilegri hækkun á **reiknaðri húsaleigu**.
- **Matarkarfan** lækkar lítillega vegna gengisáhrifa.
- **Kaup ökutækja** lækka bæði vegna gengisáhrifa og minni eftirspurnar, en talsvert hefur dregið úr sölu á nýjum bílum.


Búumst við 3,1% verðbólgu í júlí

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Maí: 0,0% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.
- Júní: +0,3% milli mánaða, 3,0% ársverðbólga.
- Júlí: +0,1% milli mánaða, 3,1% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Matur og drykkjarv.	11,3%	-0,3%	-0,04%
Kaup ökutækja	8,5%	-0,4%	-0,03%
Föt og skór	3,5%	-0,7%	-0,02%
Tómst. og menning	9,6%	-0,1%	-0,01%
Póstur og sími	2,1%	-0,4%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,1%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,0%	0,00%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	3,9%	0,2%	0,01%
Heilsa	3,9%	0,3%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,3%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	0,3%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,4%	0,2%	0,02%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,2%	0,04%
Bensín og díselolía	3,3%	2,3%	0,08%
Flugfargjöld til útlanda	1,2%	20,0%	0,24%
Alls	100,0%		0,31%

Sundurliðun á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Helstu óvissuþættir

Mestu óvissuna má að okkar mati rekja til eftirfarandi þátta.

1) Áhrif falls WOW á flugfargjöld til útlanda

Síðustu ár hefur Hagstofan byggt verðmælingar sínar á flugi til útlanda á verði farmaða hjá Icelandair og WOW air. Hlutdeild WOW air var um þriðjungur af vísitölunni.

Flugfargjöld eru tekin inn í vísitöluna mánuðinn sem flugið er flogið, en ekki mánuðinn sem flugið er keypt. Alla jafna hefði flug sem keypt var í febrúar og mars og flogið hefði í apríl átt að koma inn í vísitöluna núna. Hagstofan er í þeirri mjög svo sérstöku stöðu að vera með verðmælingar á flugi sem ekki verður flogið vegna gjaldþrots WOW air. Það er alls óvíst hvernig Hagstofan mun snúa sér í þessu og þá hvort að einungis verði miðað við verð á keyptum flugmiðum af Icelandair.

Flugfargjöld til útlanda hafa lækkað mikið síðustu ár. Þannig var að meðaltali 12,8% ódýrara að fljúga til útlanda 2018 en 2017 og 15,5% ódýrara 2017 en 2016. Við eigum von á að þessi þróun gangi til baka á þessu ári sökum minna framboðs og minni samkeppni í kjölfar gjaldþrots WOW air en einnig vegna hækkunar olíuverðs.


2) Kjarasamningar

Nýlega var skrifað undir kjarasamninga fyrir stærstu samtökin á almennum vinnumarkaði og er verið að greiða atkvæði um þá þessa dagana. Samið var um krónutöluhækkun. Það á eftir að koma í ljós hvort tekjuhærri hópar sætti sig við sömu krónutöluhækkun og samsvarandi lægri prósentuhækkun.

3) Gengi krónunnar


Frekar lítil viðbrögð hafa verið á gjaldeyrismarkaði í kjölfar falls WOW air, sem bendir til þess að það hafi þegar verið verðlagt inn í gengið að einhverju leyti. Hins vegar á eftir að koma í ljós hver bein áhrif verða af minna innflæði gjaldeyris í sumar vegna samdráttar í flugi til landsins.

Mánaðarbreyting VNV í apríl




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Flugfargjöld til útlanda



April-júlí 2019 er spá Hagfræðideildar.

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




4) Þróun fasteignaverðs

Svo virðist sem verulega sé að hægja á hækkun fasteignaverðs. Til dæmis lækkaði vísitala íbúðaverðs um 0,5% milli mánaða í febrúar. Nokkuð mikið af nýju húsnæði er á leiðinni inn á markaðinn. Alla jafna ætti slíkt að skila sér í hækkun á þeim vísitölum sem mæla fasteignaverð þar sem fermetraverð á nýju húsnæði er venjulega hærra en á eldra húsnæði. Hins vegar var hlutfall nýbygginga meðal kaupsamninga í febrúar lægra en í janúar, sem bendir til þess að illa gangi að selja þessar íbúðir.¹

5) Nýjar vogir undirliða

Vægi stakra vara í neyslukörfunni sem vísitala neysliverðs á að ná utan um er breytt í apríl á hverju ári. Vogirnar í körfunni verða birtar á sama tíma og aprílmæling vísitölunnar. Þetta gæti valdið auka skekkju í þeim spám sem eru birtar núna.

Reiknuð húsaleiga



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafir um einn mánuð.

Apríl-júlí 2019 er spá Hagfræðideildar

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

¹ sjá https://www.ils.is/library/Skyrslur-og-samningar/Manadarskyrsla_april_19.pdf